

Skipulagsstofnun  
Tinna Jónsdóttir  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík

Reykjavík, 20. apríl 2021  
UST202104-151/B.S.  
10.05.03

### **Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Dyrhólavegur – endurbætur. Umsögn**

Vísað er til bréf Skipulagsstofnunar dags. 13. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Um er að ræða endrubætur núverandi vegar á 1,4 km löngum kafla innan friðlands í Dyrhólaey upp Háey. Framkvæmdin verður alfarið á núverandi vegstæði, en til stendur að gera vegrás með veginum í brekkum og því breikkar vegsvæðið sem því nemur. Fyllingar verða lítilsháttar sem og skeringar. Komið verður fyrir ræsum þar sem þörf er á slíku. Efnisþörf er talin vera um  $4.000 \text{ m}^3$ . Hámarkshraði verður 30 km. Efni verður tekið úr aur við Klifanda og einnig notað haugsett efni sem búið er að vinna utan friðlandsins, en þar verður engin efnistaka.

Fram kemur í greinargerð að frágangur verði í samráði við Umhverfisstofnun sem einnig veitir leyfi til framkvæmda innan friðlandsins.

Hér er um fremur litla framkvæmd að ræða á núverandi veki en vegurinn var styrktur fyrir nokkrum árum með sama verklagi og nú á að viðhafa og tókst sú aðgerð vel.

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Greinargerðin er vönduð og ítarleg.

Virðingarfyllst

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur

Magnús Freyr Sigurkarlsson  
Sérfræðingur

